



Horft suður Hafnarstræti. Húsið á hægri hönd er Barnaskóli Akureyrar, byggt árið 1900. Rígur var á milli Innbæinga, sem bjuggu á gömlu Akureyri og Oddeyringa sem bjuggu á Oddeyri. Báðir vildu skólann. Hann var því að lokum byggður á Barðsnefi, mitt á milli bæjarhlutanna tveggja. Næst sunnan við er fyrsta húsið sem byggt var á Barðsnefi, Hvammur, byggt 1895.
Looking south. The first house on the right is the old Akureyri Primary School, built 1900. The possible location caused a dispute between the two main districts of the town - so the school was built on the boundary between the two. The next house, Hvammur, built 1895 was Barðsnef's first house.

Ljósmynd: Halgrímur Einarsson



Barðsnef

Þú stendur á Barðsnefi. Um tíma veltu menn fyrir sér að gera hér nýjan miðbæ. Hér bjó amtmaður frá 1895. Hér var líka Barnaskóli Akureyrar, Samkomuhúsið og pósthús bæjarbúa.

Í Barnaskólanum réði Halldóra Bjarnadóttir ríkjum frá 1903 til 1918 og innleiddi nýjungar, til dæmis handavinnukennslu og litlu jólin, kom upp skólabókasafni og lét nemendur ganga um skólann á inniskóm. Hún hvatti foreldra til að mæta í kennslustundir og kennara til að heimsækja heimilin, hélt foreldrafundi og stofnaði foreldrafélag.

Samkomuhúsið (Góðtemplarahúsið, Gúttó) var reist af góðtemplurum 1906. Það var líka kallað „hús fólksins“ enda starfsemin fjölbreytt – póstafréiðsla, skrifstofur bæjarins, fundarsalur bæjarstjórnar, félagsmiðstöð templara, bíó og Amtsbókasafn. Í „húsi fólksins“ voru haldnir almennir fundir, fyrirlestrar og dansleikir, kosningar til bæjarstjórnar og Alþingis, félagasamtök fengu þar inni og Friðrik VIII konungur sat þar dýrðlegan fagnað árið 1907. Leikhús hefur verið í Samkomuhúsinu frá upphafi og þar eru heimkynni Leikfélags Akureyrar. Hinn 27. júní 1903 var í fyrsta sinn sýnd kvikmynd á Íslandi. Sýningin fór fram á Barðsnefi í húsi sem nú er horfið.

Braeness

This area is known as Barðsnef, once considered as a possible site for a new town centre; it was the home of the Regional Governor (from 1895), Akureyri Primary School, the theatre and the post office.

The years 1903-1918 saw many changes for the school, as headmistress Halldóra Bjarnadóttir introduced many new ideas; the teaching of handwork, establishing a school library, Little Christmas, and the use of slippers in school. She founded a Parents' Association and encouraged parents to attend lessons and teachers to visit pupils in their homes.


The building which now houses the Akureyri Drama Society was built by Good Templars in 1906 and named Gúttó. Also known as "The people's house", it housed the Municipal Offices, Post Office, Council board rooms, cinema and library. It was the headquarters of the Good Templars and acted as a polling station for all elections, a venue for social groups, lectures and dances. King Frederik VIII attended a magnificent banquet there in 1907.

On 27 June 1903, in Barðsnef, a movie was shown for the first time in Akureyri, in a building which no longer exists.



Horft til norðurs yfir húsaröðina á Barðsnefi árið 1912. Fremst er Hvammur, þá Barnaskólahúsið og síðan Samkomuhúsið (Gúttó). Norðan við Samkomuhúsið er gamall stígur upp brekkuna sem heitir Menntavegur ef hann er genginn upp en Glötunarstígur þegar farið er niður.

Barðsnef, looking north, 1912. In the foreground is the house Hvammur, then the primary school and finally Gúttó. Beside the latter is a path known as Menntavegur (Education Path), leading up the hill to Akureyri Junior College.



Skrúðganga 17. júní 1944, daginn sem Ísland breyttist úr konungsríki í lýðveldi. Vinstra megin götunnar er Sjónarhæð, byggð 1901. Þar bjó trúboðinn Arthur Gook en um hann sögðu Akureyringar að ekkert gerðist markvert nema Guð lofaði og Gook vildi. Hægra megin eru Bogahúsið og gamla leikhúsið.

Procession, 17 June 1944, the day Iceland became a republic. On the left is the house Sjónarhæð, built 1901, and home of missionary Arthur Gook.



Kona stendur í dyrum Bogahúss. Er hún að flytja út eða inn? Bílstjórinn treystir ekki bremsunum og leggur vörubílnum að staurnum. Karlar halla sér að gamla leikhúsinu sem í janúarlök 1952 brann til kaldra kola. Bogahúsið var rífið 1980.

The lady in the door, is she moving out of or into Bogahús? The driver does not trust his brakes and uses a lamp post for safety. The house was demolished in 1980. The theatre next door burnt down in January 1952.



www.visitakureyri.is



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



NORÐURORKA